

M-59/2010. Álit 28. júlí 2010

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 28. júlí 2010 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-59/2010.

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 27. apríl sl. bað X, hér eftir einnig nefndur álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna kaupa á bifreiðinni A á bílasölunni B. Seljandi var Y. Álitsbeiðandi telur bifreiðina vera haldna göllum og gerir aðallega þá kröfu á hendur seljanda að hann bæti úr göllum á bifreiðinni að fullu og vísar til þess að viðgerðarkostnaður hafi verið metinn kr. 601.305. Til vara að hann fái afslátt af kaupverði bifreiðarinnar.

II

Málsmeðferð kæruneftndarinnar

Þar sem álitsbeiðandi beindi kröfum sínum að bílasölunni B ritaði kæruneftndin fyrirtækinu bréf, dags. 28. apríl sl., og gaf því kost á andsvörum. Andsvör bárust 10. maí og kom þá í ljós að bílasalan hafði einungis annast sölu á bifreiðinni fyrir eigandann Y en ekki verið sjálf eigandi bifreiðarinnar. Álitsbeiðanda voru kynnt andsvörin með bréfi, dags. 11. maí, og í framhaldi af því óskaði hann eftir að beina kröfum sínum að Y. Kæruneftndin ritaði því fyrirtæki bréf, dags. 26. maí, en sendi það á rangt heimilisfang. Eftir að það kom í ljós ritaði kæruneftndin Y nýtt bréf, dags. 3. júní, og gaf fyrirtækinu kost á að skila andsvörum og frest til þess til 15. júní. Fyrirtækið fékk síðan þann frest framlengdan til 23. júní og bárust andsvörin 25. júní. Með bréfi, dags. 29. júní, var álitsbeiðanda gefinn kostur á því að gera athugasemdir við andsvörin og bárust þær 7. júlí. Með bréfi, dags. 7. júlí sl., var aðilum tilkynnt að kæruneftndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Samkvæmt upplýsingum í álitsbeiðni keypti álitsbeiðandi 11. nóvember 2009 bifreiðina A árgerð 1999, ekna 150.000 km og var kaupverðið kr. 850.000. Bifreiðin var til sölu hjá bílasölunni B eins og fyrr greinir. Í álitsbeiðni segir m.a. eftirfarandi:

„Áður en kaup gengu í gegn skoðaði ég bifreiðina og fékk mér til aðstoðar utanaðkomandi bílasala sem þekkir eitthvað til Pajero bifreiða. Var niðurstaða skoðunar okkar að um ágætt eintak væri að ræða að undanskildu þústi sem þarfnaðist viðgerðar. Bifreiðin fór í lögbundna skoðum um sex mánuðum fyrir kaupin, þann 5. apríl 2009. Benti allt til skynsamlegra kaupa. Ásett verð á bifreiðina var 990.000.- kr. Viðgerð á þústi kostaði um 50.000.- kr. Ég keypti bifreiðina af B á 850.000.- kr.

Þann 31. mars fór ég með bifreiðina í lögbundna skoðun. Í skoðuninni var m.a. sett út á styrktarmissi í grind bílsins ásamt fleiri aðfinnslum. Í framhaldi af því fór ég með bifreiðina á bifreiðaverkstæðið C. Var álit C m.a. að grindin í bílnum væri mjög illa farin. Starfsmenn C sögðu mér að óeðlilegt væri að sérfræðingar í bílaviðskiptum seldu bifreið

úr sinni eigu í slíku ástandi. Mat verkstæðið viðgerðarkostnað og álitu starfsmenn C að fullt markaðsverð á sambærilegum Mitsubishi Pajero, í góðu ásigkomulagi, væri um 850.000.- kr. Bifreiðin er metin ógangfær í dag.

Ég fór á fund eiganda B. Eftir að hafa sagt honum frá gallanum tjáði hann mér að B hefði ekki vitað um gallann í öndverðu og bifreiðin hefði ekki verið ástandsskoðuð af þeirra hálfu fyrir sölu. Bauðst B til að greiða 35.000.- kr. af viðgerðarkostnaði. Því hafnaði ég.

Bifreiðin er ónothæf í dag þar sem veruleg hættu er á að grind bifreiðarinnar brotni í sundur ef henni er ekið. Mín ákvörðun er því að leggja bílnum þangað til lausn fæst á þessu máli.“

[...]

Í framhaldi er fjallað um skyldur bílasölunnar B samkvæmt neytendakaupalögum. Þá er í álitsbeiðninni fjallað um eðli galla og viðgerðarkostnað og segir þar orðrétt eftirfarandi:

„Meðfylgjandi þessari kvörtun eru tvö bréf frá bifreiðaverkstæðinu C. Í fyrra bréfi (fylgiskjal 6) segir m.a. um eðli gallans:

„Ofangreind bifreið kom hingað til viðgerðar vegna aðfinnslna eftir lögbundna bifreiðaskoðun. [...] kom í ljós að grindin í bílnum er mjög illa farin báðu megin að aftan. [...] Einnig eru bremsurör sem liggja með grindinni ónýtt vegna tæringar. Þetta þýðir að ryðbæta þarf grindina verulega og gera við bifreiðina vegna annarra ágalla.

Þessar ryðskemmdir hafa orðið til á mjög löngum tíma. Þetta er ekki að gerast á síðustu mánuðum heldur á mörgum undanförunum árum. Ryðvörn á grindinni hefur engan veginn verið sinnt sem skyldi. [...] Þessi ágalli hefði átt að koma fram bæði í árlegri bifreiðaskoðun og eins í ástandsskoðun, á síðasta ári, hafi hún verið framkvæmd.“

Af þessu mati C á eðli gallans er ljóst að umræddar ryðskemmdir hafa verið til staðar þegar salan fór fram.

Eigandi B tjáði álitsbeiðanda að fyrirtækið, seljendur, hafi ekki vitað um gallann og því ljóst að um leyndan galla er að ræða. Þess ber að geta ef seljandi veit af galla og lætur ekki vita af honum er upplýsingaskylda seljanda ekki uppfyllt. Það að seljandi skuli, að eigin sögn, ekki hafa vitað um gallann bendir til þess að rannsóknarskyldu kaupanda hafi verið fullnægt. Seljandi í þessu tilviki er sérfræðingur í bílaviðskiptum og ef hann gat ekki séð gallann þá er ekki sanngjarnt að ætlast til þess að kaupandi hafi átt að geta séð hann. Bifreiðin hafi einnig staðist lögbundna skoðun sex mánuðum fyrir kaupin og væntingar kaupanda í samræmi við þær aðstæður.

Í dag er bifreiðin ónothæf þar sem grindin getur dottið í sundur á hvaða tíma sem er og var undirrituðum ráðlagt að nota bifreiðina ekki fyrr en hún hefur verið lögð. Bifreiðin bíður úrlausnar þessa máls og hefur kaupandi ekki afnot hennar á meðan ástand hennar er með þessum hætti.

Í meðfylgjandi útreikningum (fylgiskjal 2) má sjá áætlaðan viðgerðarkostnað frá bifreiðaverkstæðinu C. Heildarupphæð viðgerðar á bifreiðinni er kr. 601.305.- Samanlögð viðgerðarupphæð fyrir ryðskemmda grind og bremsurör eru kr. 354.700.- Aðrir gallar nema um 246.650.- kr. Er það mat kaupanda að eðlilegt hefði verið að fá mjög ríkan afslátt af kaupverði miðað við niðurstöðu skoðunar C.“

Þá er í álitsbeiðninni fjallað um galla og eiginleika söluhlutar samkvæmt ákvæðum neytendakaupalaga svo og áhættu og sönnunarbyrði. Verður sá kafli ekki rakinn sérstaklega hér. Niðurlag álitsbeiðninnar er svohljóðandi:

„Greitt var gott verð fyrir bifreiðina og hún keypt af sérfræðingi í bílaviðskiptum. Var bifreiðin skoðuð við kaup með aðstoð frá þriðja aðila sem var bílasali. Hafði kaupandi sanngjarna ástæðu til að ætla að bifreiðin væri ekki stórvægilega gölluð þar sem seljandi er sérfræðingur í bílaviðskiptum. Einnig stóðst bifreiðin lögbundna skoðun sex mánuðum fyrir kaupin. Greiddi kaupandi hátt verð fyrir söluhlutinn samkvæmt álitni starfsmanns C. Rúmlega fjórum mánuðum eftir kaup kom m.a. í ljós að styrktargrindin var ryðguð það alvarlega að bifreiðin var metin ógangfær. Uppfyllir bifreiðin ekki þá eiginleika sem neytandi mátti væta við kaupin og varðar það því a-lið 1. mgr. 16. gr. nkpl sbr. a- og b-lið 1. mgr. 15. gr. nkpl og a-lið 1. mgr. 17. gr. sömu laga. Af þessu leiðir að bifreiðin A Mitsubishi Pajero er gölluð samkvæmt ákvæðum neytendakaupalaga. Álitsbeiðandi telur fullsannað að um gallaða bifreið sé að ræða og skv. mati C á eðli gallans að þá hafi sá galli verið til staðar við kaupin þegar áhættan fluttist yfir til undirritaðs. Undirritaður telur það hlutskipti seljanda að sanna að svo hafi ekki verið, skv. 2. mgr. 18. gr. nkpl, þar sem galli kom upp innan sex mánaða frá áhættuflutningi til kaupanda.“

IV

Úr gögnum málsins

Samkvæmt áætlun C um viðgerð á bifreiðinni A kostar viðgerð á grind, ásamt nýjum spyrnugúmmíum, jafnvægisstangargúmmíum og endum kr. 294.600. Lagning nýrra bremsuröra frá miðjum bíl í báðar bremsudælur að aftan kr. 60.100. Skipti á bremsudiskum og klossum að framan ásamt því að taka upp dælur og skipta um gúmmísett og diska kr. 22.220. Skipti á demparagúmmíum að framan kr. 19.640. Skipti á kerrutengli að aftan og lagning nýs kapals að honum með þokuljósi, kr. 53.820. Strekking á viftureim og að fara yfir perur kr. 5.410.

V

Andsvör seljanda Y

Í andsvörum seljanda segir eftirfarandi:

1. Kröfugerð:

Varnaraðili krefst þess *aðallega* að öllum kröfum sóknaraðila verði vísað frá kærunefndinni. *Til vara* er krafist sýknu af kröfum sóknaraðila.

2. Málsvik:

Varnaraðili vekur athygli á því að bifreiðin A var einungis í skamman tíma í eigu félagsins, eins og fram kemur í Primus/ökutækjaskrá. Þar kemur fram að bifreiðin var í eigu félagsins í frá 12. ágúst 2009 til 11. nóvember 2009. Varnaraðila var því ekki kunnugt um meinta galla bifreiðarinnar, enda hafði bifreiðin staðist lögbundna ástandsskoðun sex mánuðum fyrir kaup sóknaraðila. Varnaraðili hafði því réttmæta ástæðu til að ætla að bifreiðin væri í söluhæfu ástandi miðað við aldur og notkun.

Varnaraðili treysti jafnframt á rannsóknarskyldu sóknaraðila, þar sem um gamla bifreið var að ræða sem var ekin 152 þúsund km. Að auki fékk sóknaraðili bifreiðina lánaða í tvö skipti til að kynna sér sérstaklega ástand hennar. Á grundvelli þessa var gert tilboð í bifreiðina sem samþykkt var af varnaraðila, en umsamið kaupverð var lægra en ásett verð.

Það kemur varnaraðila því verulega á óvart að sóknaraðili geri nú, rúmlega hálfu ári síðar, kröfu um riflegan afslátt af kaupverðinu vegna meintra galla bifreiðarinnar. Galla sem hefðu átt að koma í ljós við einfalda skoðun ökutækisins. Fjárhæð krafna sóknaraðila koma jafnframt verulega á óvart, þar sem sóknaraðili hefur áður greint varnaraðila frá því að viðgerðarkostnaður vegna hinna meintu galla sé um 100.000 krónur en sóknaraðili

greinir frá því í álitsbeiðni að meintur kostnaður sé 601.305 krónur. Það blasir við að varnaraðili hefði aldrei selt sóknaraðila bifreiðina á 248.695 krónur að teknu tilliti til hinna meintu galla.

3. Málástæður varnaraðila og lagarök:

Krafa varnaraðila um að öllum kröfum sóknaðila verði vísað frá kæruneftndinni byggist á því að meint tjón sóknaraðila sé ósannað, enda getur einhliða útreikningur sóknaraðila ekki verið lagður til grundvallar varðandi meint tjón hans, sbr. fylgiskjal um „kostnaðaráætlun á A.“ Áætlun verkstæðisins C getur jafnframt ekki verið lögð til grundvallar, enda var varnaraðila ekki veittur kostur á að vera viðstaddur skoðun verkstæðisins eða gera athugasemdir við endanlega niðurstöðu þess. Mati verkstæðisins er því mótmælt sem ósönnuðu og röngu.

Varnaraðili vekur jafnframt athygli á því að í útreikningum sóknaraðila er hvergi vikið að því hvaða áhrif það hefur á verðmæti bifreiðarinnar ef viðgerðin fer fram í samræmi við framlagt mat sóknaraðila. Í álitsbeiðni sóknaraðila kemur einnig hvergi fram hvort og hvaða áhrif hinir meintu gallar hafi á markaðsverðmæti bifreiðarinnar. Tjón sóknaraðila er því svo vanreifað að vísa ber kröfum hans frá kæruneftndinni.

Krafa um sýknu byggist á því að sóknaraðili hafi vanrækt skoðunarskyldu sína samkvæmt 3. mgr. 17. gr. laga um neytendakaup nr. 48/2003, enda hefði sóknaraðili hæglega getað orðið var við hina meintu galla við venjubundna skoðun. Rannsóknarskylda sóknaraðila var jafnframt rík þar sem um gamalt ökutæki er að ræða og ríflega ekið, auk þess sem bifreiðin hafði einungis verið í skamman tíma í eigu varnaraðila. Hinir metnu gallar komu fram við lögbundna ástandsskoðun, en það gefur skýrt til kynna að sóknaraðili hefði átt að vera var við þá með venjubundinni skoðun.

Að framangreindu virtu er ljóst að sóknaraðili sinni ekki skyldu sinni til aðgæslu við kaupin, en í kaupsamningi aðilanna var tekið fram að hann hefði skoðað bifreiðina og sætt sig við ástand hennar að öllu leyti. Af þeirri ástæðu ber að sýkna varnaraðila af öllum kröfum sóknaraðila.

Varnaraðili ber jafnframt sönnunarbyrðina fyrir því að hann hefði ekki mátt verða var við hina meintu galla ef hann hefði skoðað ökutækið af þeirri kostgæfni sem ætlast verður til meðal annars að teknu tillit til aldurs og notkunar bifreiðarinnar. Þá sönnun hefur sóknaraðili ekki fært og ber því að sýkna varnaraðila af dómkröfum sóknaraðila.

Varnaraðili áskilur sér rétt til að senda inn málástæður sínar og frekari varnir verði ekki fallist á framangreindar málástæður.“

VI

Athugasemdir álitsbeiðanda

Álitsbeiðandi kveðst einungis einu sinni hafa fengið bifreiðina lánaða til að skoða hana en ekki tvisvar. Hann hafi kvartað við seljanda strax í mars, þ.e. eftir að bifreiðin hafði verið skoðuð ársskoðun. Þá sé hann ekki tengdur fyrirtækinu C á nokkurn hátt. Álitsbeiðandi segist aldrei hafa haft formlegt mat á að viðgerð kostaði kr. 100.000 heldur hafi sú tala verið nefnd af manni sem hafi ekki skoðað bifreiðina og ekki rökstutt þetta mat. Álitsbeiðandi kveðst hafna því huglæga mati seljanda að um gamla og ríflega ekna bifreið sé að ræða og fagaðili eins og Y hefði auðveldlega átt að komast að þeim galla sem bifreiðin sé haldin á 3 mánaða eignarhaldstíma fyrirtækisins.

VII

Niðurstaða kæruneftndarinnar

Kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og Y falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. lög nr. 87/2006 um breytingu á lögum um

lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa. Samkvæmt upplýsingum úr fyrirtækjaskrá er Y bílasala og verður að byggja á því að fyrirtækið hafi atvinnu af því að selja bifreiðir, sbr. ákvæði 2. mgr. 1. gr. neytendakaupalaga nr. 48/2003. Ágreiningur aðila í þessu máli fellur því undir þau lög. Kærunefndin álitur að álitsbeiðandi hafi kvartað undan göllum á bifreiðinni í samræmi við ákvæði 27. gr. laga nr. 48/2003.

Samkvæmt kaupsamningi og afsali var bifreiðin A fyrst skráð 12. febrúar 1999 og var því rúmlega tíu og hálfis árs gömul þegar álitsbeiðandi keypti hana 11. nóvember 2009. Þá hafði bifreiðinni verið ekið 152.000 km. Kaupverðið var kr. 850.000.

Samkvæmt því sem fram kemur í framangreindu skjali seldist bifreiðin „í núverandi ástandi sem kaupandi hefur kynnt sér og sætt sig við, en seljandi kann að vera ábyrgur gagnvart kaupanda vegna galla samkvæmt almennum reglum.“

Kaupin falla því undir 17. gr. laga nr. 48/2003 sem nær til hlutar sem er seldur „í því ástandi sem hann er“ en sú lagagrein er svohljóðandi:

Þótt söluhlutur sé seldur „í því ástandi sem hann er“ eða með öðrum áþekkingum almennum fyrirvara telst hann gallaður þegar:

a. ástand söluhlutar er verra en neytandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti;

b. fyrir liggja atvik sem lýst er í b- eða c-lið 1. mgr. 16. gr.

Samkvæmt ákvæðum 16. gr. laga nr. 48/2003 telst söluhlutur vera gallaður ef m.a. svo hagar til sem segir í b- og c-liðum 1. mgr. en þar segir:

b. seljandi hefur við kaupin vanrækt að gefa upplýsingar um atriði varðandi hlutinn eða not hans sem seljandi hlaut að þekkja til og neytandi mátti ætla að hann fengi upplýsingar um, enda megi ætla að vanrækslan hafi haft áhrif á kaupin;

c. hann svarar ekki til þeirra upplýsinga sem seljandi hefur við markaðssetningu eða á annan hátt gefið um hlutinn, eiginleika hans eða notkun nema seljandi sýni fram á að réttar upplýsingar hafi verið gefnar neytanda við kaupin eða að upplýsingarnar hafi ekki haft áhrif á kaupin.

Í 3. mgr. 16. gr. segir að neytandi geti ekki borið neitt það fyrir sig sem galla sem hann vissi eða mátti vita um þegar kaupin voru gerð.

Eins og fyrr segir var bifreiðin sem álitsbeiðandi keypti rúmlega tíu og hálfis árs gömul þegar hann keypti hana og ekin 152.000. Þegar um er að ræða svo gamlar bifreiðir og þetta mikið eknar má búast við því að þær þarfnist endurbóta og viðhalds af ýmsu tagi fyrir eða síðar án þess að slíkt sé sérstaklega tekið fram við kaupin. Verður kaupandi að miða væntingar sínar við slíkar staðreyndir, sbr. b-lið 2. mgr. 15. gr. neytendakaupalaga, en þar segir að söluhlutur skuli hafa þá eiginleika til að bera sem neytandinn mátti vænta við kaupin á hlutnum að því er varðar endingu og annað. Fram kemur í álitsbeiðni að álitsbeiðandi hafi skoðað bifreiðina með aðstoð utanaðkomandi bílasala sem eitthvað hafi þekkt til bifreiða af þessari gerð. Seljandi segir að álitsbeiðandi hafi fengið bifreiðina lánaða í tvö skipti til að skoða hana, en álitsbeiðandi segir það hafa verið í eitt skipti. Ekki kemur fram í gögnum málsins að af hálfu seljanda hafi verið gefnar sérstakar upplýsingar um ástand bifreiðarinnar.

Það er álit kærunefndarinnar að stór hluti af þeim viðgerðum sem fyrirtækið C telur að framkvæma þurfi á bifreiðinni hafi álitsbeiðandi mátt sjá og búast við að þyrfti að framkvæma fyrir en síðar og verði kostnaðaráætlun fyrirtækisins því ekki lögð til grundvallar við afgreiðslu málsins. Hins vegar álitur kærunefndin að álitsbeiðanda hafi ekki mátt vera ljóst eða átt að veita því athygli við skoðun að grind bifreiðarinnar þarfnaðist eins mikillar viðgerðar og gera verður ráð fyrir að sé nauðsynleg. Ekkert er komið fram í gögnum málsins að seljanda hafi verið eða mátti vera ljóst hvert ástand grindarinnar var. Kærunefndin álitur að á því megi byggja að ástand grindar bifreiðarinnar hafi verið verra en gera mátti ráð fyrir og til þess að komast að raun um það hafi þurft mun nákvæmari skoðun en hægt er að krefjast að kaupandi framkvæmi við kaup af þessu tagi. Því verði að telja að hér sé um leyndan galla að ræða sem seljandi beri ábyrgð á að sínu leyti en ekki þó þannig að honum sé skylt að bæta úr með þeirri fjárhæð sem gert er ráð fyrir að viðgerðin kosti samkvæmt áætlun C. Verður heldur ekki annað séð en sú viðgerð sé svo viðamikil að bifreiðin yrði eftir hana í mun betra ástandi að því leyti en kaupandi mátti búast við að bifreiðin væri þegar hann keypti hana. Með framanskráð í huga er það álit kærunefndarinnar að álitsbeiðandi eigi rétt á afslætti af kaupverði bifreiðarinnar, sbr. ákvæði c-liðar 1. mgr. 26. gr. neytendakaupalaga, og að sá afsláttur sé hæfilega ákveðinn kr. 180.000.

VIII

Álitsorð

Seljandi, Y, greiði álitsbeiðanda, X, kr. 180.000.

Friðgeir Björnsson
formaður

Guðrún Björk Bjarnadóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir